

Félags- og menningarmálanefnd, fundur nr. 7

Dags. 22.10.2003

7. fundur félagsmálanefndar Þingeyjarsveitar

Þann 22. október 2003 var haldinn fundur félagsmálanefndar Þingeyjarsveitar í Kjarna. Fundurinn hófst kl. 17.00 og hann sátu undirrituð ásamt samráðshópi félagsmálanefndar um málefni eldri borgara í Þingeyjarsveit, Aðalbjörgu Pálsdóttur, Þuríði Ásvaldsdóttur, Gígju Sigurgeirsdóttur, Aðalheiði Kjartansdóttur og Hlíf Guðmundsdóttur
Fyrir var tekið:

Opið hús eldri borgara

1. Jón sagði frá hugmynd Ólafs Arngrímssonar skólastjóra á Stórutjörnum um að bjóða eldri borgurum í Þingeyjarsveit upp á að kaupa hádegisverð í skólanum á kostnaðarverði og fá skólastofu eða e-a aðstöðu til afnota á eftir. Fundarmenn hlyntir þessari hugmynd. Jón ræðir málið frekar við Ólaf og auglýsing síðan birt í Hlaupastelpunni.

Samráðshópurinn vék nú af fundi.

2. Haustfundur Jafnréttisnefnda

Lögð fram dagskrá haustfundar Jafnréttisnefnda sem haldinn verður á Ísafirði 31. okt.-1.nóv. Enginn fulltrúi verður sendur á vegum félagsmálanefndar á fundinn.

3. Námskeið

Félagsmálaráðuneytið heldur námskeið um félagsþjónustu sveitarfélaga í samvinnu við Eyþing á Akureyri mánudaginn 27. október. Ákveðið að senda fulltrúa frá sveitarfélaginu.

Sömu aðilar halda einnig námskeið á Akureyri um daggæslu barna í heimahúsum þriðjudaginn 28. október.

4. Forvarnarverkefnið „Vertu til“

Rósa Ösp gerði grein fyrir forvarnarverkefninu „Vertu til“ sem kynnt var á aðalfundi Eyþings á Ólafsfirði 26. september síðast liðinn. Sjá nánar á slóðinni <http://www.vertutil.is>

Fleira ekki bókað og fundi slitið kl 19.10

Ingvar Vagnsson (sign)

Svanhildur Þorgilsdóttir varam. (sign)

Jón Þ. Óskarsson (sign)

Rósa Ösp Ásgeirsdóttir (sign)

Gréta Ásgeirsdóttir (sign)